

Skýrsla

forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.


Inngangur.

Forsætisráðherra leggur nú skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga fyrir Alþingi í fimmta sinn. Í skýrslunni er gerð grein fyrir meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál árið 2019. Þá er fjallað stuttlega um helstu breytingar laga nr. 72/2019 sem breyttu upplýsingalögum, nr. 140/2012, og nýtt hlutverk ráðgjafa um upplýsingarétt almennings. Loks eru reifaðir valdir úrskurðir nefndarinnar sem kveðnir voru upp á árinu 2019 í kærumálum frá fjölmiðlum.

Fjöldi mála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Árið 2019 voru stofnuð 218 mál í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Málum fjölgaði verulega á milli ára eins og sjá má á meðfylgjandi skýringarmynd:

Mynd 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar á árunum 2013–2019.



Málin skiptust á milli mánaða á árinu eins og hér greinir:

Tafla 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál árið 2019.

2019	
Mánuður	Mál
Janúar	20
Febrúar	24
Mars	19
Apríl	17
Mái	33
Júní	10
Júlí	7
Ágúst	14
September	19
Október	16
Nóvember	18
Desember	21
Samtals:	218


Mál voru jafnframt flokkuð eftir tegundum þeirra. Langflest málanna, eða 191 mál, voru kærur til úrskurðarnefndarinnar, ýmist vegna synjunar beiðni um aðgang að gögnum eða vegna tafa á afgreiðslu beiðni þar um. Úrskurðarnefndinni bárust einnig 2 beiðnir um frestun réttaráhrifa úrskurða og 1 beiðni barst um endurupptöku máls en leyst er úr slíkum erindum með úrskurði. Í málaskrá nefndarinnar eru einnig skráðar nokkrar fyrirspurnir. Þá bárust nefndinni 5 erindi frá umboðsmanni Alþingis. Þau mál sem flokkuð eru sem „annað“ varða flest innri málefni úrskurðarnefndarinnar.

Tafla 2: Tegundir mála árið 2019.

2019	
Tegund	Mál
Kærumál	191
Fyrirspurnir	14
Frestun réttaráhr.	2
Enduruppt.	1
UA	5
Annað	5
Samtals:	218

Kærumálum fjölgaði nokkuð á milli ára en kærur voru 146 árið 2018. Til samanburðar voru kærur 72 árið 2017 og 88 árið 2016.

Mynd 2: Fjöldi kærumála til úrskurðarnefndar um upplýsingamál árin 2013–2019.



Kærumál voru flokkuð nánar eftir því hvort kærandi var einstaklingur, fyrirtæki, félagsamtök eða fjölmiðill. Langflest kærumál voru frá einstaklingum, eða 116 mál. Félagasamtök voru kærður í 28 tilfellum og 15 kærur bárust frá fyrirtækjum eða öðrum lögaðilum. Kærur frá fjölmiðlum voru 32 á árinu. Teknar eru nú saman í fyrsta sinn kyngreindar upplýsingar um kærður sem eru einstaklingar en athygli vekur að af þeim kærum voru karlkyns kærður 110 talsins en aðeins 6 konur voru á meðal kæranda.

Tafla 3: Málshæfjendur kærumála árið 2019.

2019	
Kærandi	Mál
Einstaklingur	116
Fyrirtæki	15
Samtök	28
Fjölmiðill	32
Samtals:	191

Eins og sjá má í töflu 4 lauk 84 af þeim málum sem kærð voru til nefndarinnar á árinu 2019 með úrskurði. Þremur kærumálum vegna kæra sem bárust nefndinni árið 2019 var ólokið við samantekt skýrslu þessarar en til samanburðar var sú tala 34 árið 2018. Á árinu 2019 voru 104 kærumál felld niður hjá nefndinni. Mál eru felld niður þegar kærandi fær aðgang að umbeðnum gögnum við meðferð málsins hjá úrskurðarnefndinni, þegar beiðni kæranda er afgreidd í kjölfar kæru vegna afgreiðslutafa og þegar kæra er dregin til baka.

Tafla 4: Lyktir kærumála árið 2019.

2019	
Úrslit	Mál
Úrskurður	84
Niðurfelling	104
Framsent	0
Ólokið	3
Samtals:	191


Á árinu voru 98 kærur vegna afgreiðslutafa felldar niður og 6 kærur vegna synjunar beiðni um aðgang að gögnum. Að meðaltali liðu 48 dagar frá því að tafir á afgreiðslu beiðni voru kærðar til úrskurðarnefndarinnar þangað til tilkynnt var um niðurfellingu máls. Stysti tími frá kæru til niðurfellingar var 5 dagar en sá lengsti var 289 dagar.

Tafla 5: Ástæður niðurfellingar mála árið 2019.

2019	
Ástæða	Mál
Gögn afhent	72
Beiðni afgr.	26
Kæra afturk.	6
Samtals:	104

Tölfræði úrskurða.

Á árinu 2019 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp 90 úrskurði á 12 fundum. Nefndin hefur ekki kveðið upp eins marga úrskurði á einu ári frá því að hún tók til starfa árið 1997. Árið á undan, 2018, voru úrskurðirnir 57, árið 2017 voru þeir 48 og árið 2016 voru kveðnir upp 88 úrskurðir.

Mynd 3: Fjöldi úrskurða á árunum 2000–2019.

Málsmeðferðartími nefndarinnar var svipaður og árið á undan, eða 222 dagar frá kæru til úrskurðar (2018: 212 dagar, 2017: 210 dagar, 2016: 391 dagar, 2015: 296 dagar). Líkt og fyrri ár var málsmeðferðartími að jafnaði mun skemmri í málum sem lauk með öðrum hætti en úrskurði. Í 25 úrskurðum af 90 úrskurðaði nefndin um að veita skyldi aðgang, í heild eða að hluta, að gögnum sem kæranda hafði áður verið synjað um aðgang að. Synjun var staðfest í 14 tilfellum, 17 málum var vísað heim til nýrrar afgreiðslu og 46 málum var vísað frá, ýmist í heild eða að hluta. Hér á eftir er yfirlit yfir úrskurði sem nefndin kvað upp á árinu.

Tafla 6: Úrskurðir sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál kvað upp árið 2019.

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðustu gögnum	Niðurstaða
772	17.apr.18	18.jan.18	31.jan.19	289	13	Aðgangur
773	8.nóv.18	16.jan.19	31.jan.19	84	15	Heimvísun
774	11.okt.18	2.nóv.18	31.jan.19	112	90	Synjun staðfest
775	7.feb.19	6.mar.19	12.mar.19	33	6	Frestun réttaráhrifa hafnað
776	27.des.17	4.jan.19	12.mar.19	440	67	Frávísun
777	6.apr.18	28.maí.18	5.apr.19	364	312	Heimvísun
778	6.apr.18	8.maí.18	5.apr.19	364	332	Heimvísun
779	30.maí.18	19.mar.19	5.apr.19	310	17	Frávísun
780	24.sep.18	3.des.18	5.apr.19	193	123	Frávísun

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðustu gögnum	Niðurstaða
781	20.nóv.18	18.feb.19	5.apr.19	136	46	Frávísun
782	31.mar.19	31.mar.19	5.apr.19	5	5	Frávísun
783	4.júl.18	30.ágú.18	31.maí.19	331	274	Aðgangur
784	19.júl.18	23.ágú.18	31.maí.19	316	281	Heimvísun
785	17.jún.18	8.maí.19	31.maí.19	348	23	Heimvísun
786	28.júl.18	29.ágú.18	31.maí.19	307	275	Frávísun
787	25.ágú.18	14.okt.18	31.maí.19	279	229	Frávísun
788	5.okt.18	6.des.18	31.maí.19	238	176	Frávísun
789	14.okt.18	3.des.18	31.maí.19	229	179	Frávísun
790	11.jan.19	13.feb.19	31.maí.19	140	107	Frávísun
791	15.feb.19	24.apr.19	31.maí.19	105	37	Frávísun
792	5.mar.19	3.apr.19	31.maí.19	87	58	Synjun staðfest
793	10.maí.19	10.maí.19	31.maí.19	21	21	Frávísun
794	15.maí.19	15.maí.19	31.maí.19	16	16	Frávísun
795	10.ágú.18	16.sep.18	14.jún.19	308	271	Frávísun
796	3.sep.18	10.okt.18	14.jún.19	284	247	Frávísun
797	24.sep.18	15.okt.18	14.jún.19	263	242	Aðgangur
798	7.nóv.18	14.des.18	14.jún.19	219	182	Frávísun
799	3.feb.19	4.jún.19	14.jún.19	131	10	Frávísun
800	11.feb.19	4.mar.19	14.jún.19	123	102	Frávísun
801	20.des.18	27.feb.19	14.jún.19	176	107	Heimvísun, frávísun
802	20.feb.19	11.mar.19	14.jún.19	114	95	Frávísun
803	14.apr.19	6.maí.19	14.jún.19	61	39	Frávísun
804	17.maí.18	6.júl.18	3.júl.19	412	362	Aðgangur
805	6.nóv.18	11.des.18	3.júl.19	239	204	Frávísun
806	8.nóv.18	5.des.18	3.júl.19	237	210	Aðgangur
807	23.nóv.18	8.jan.19	3.júl.19	222	176	Frávísun
808	20.des.18	16.jan.19	3.júl.19	195	168	Heimvísun
809	8.jan.19	12.feb.19	3.júl.19	176	141	Heimvísun
810	29.jan.19	22.feb.19	3.júl.19	155	131	Aðgangur
811	27.mar.19	16.apr.19	3.júl.19	98	78	Synjun staðfest
812	10.júl.19	19.júl.19	23.júl.19	13	4	Fallist á frestun réttaráhrifa

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðustu gögnum	Niðurstaða
813	12.júl.18	21.jún.19	10.sep.19	425	81	Aðgangur að hluta, heimvísun, frávísun
814	20.ágú.18	18.jún.19	10.sep.19	386	84	Synjun staðfest
815	25.okt.18	23.júl.19	10.sep.19	320	49	Aðgangur að hluta
816	5.nóv.18	15.júl.19	10.sep.19	309	57	Frávísun
817	16.jan.19	23.ágú.19	10.sep.19	237	18	Frávísun
818	20.feb.19	23.júl.19	10.sep.19	202	49	Aðgangur, frávísun
819	3.apr.19	6.maí.19	10.sep.19	160	127	Aðgangur
820	21.jún.19	21.jún.19	10.sep.19	81	81	Frávísun
821	27.jún.19	27.jún.19	10.sep.19	75	75	Frávísun
822	27.ágú.19	27.ágú.19	10.sep.19	14	14	Frávísun
823	7.maí.18	27.mar.19	27.sep.19	508	184	Aðgangur
824	28.nóv.18	2.sep.19	27.sep.19	303	25	Synjun staðfest
825	8.nóv.18	12.júl.19	27.sep.19	323	77	Aðgangur að hluta, heimvísun
826	15.feb.19	20.mar.19	27.sep.19	224	191	Synjun staðfest
827	5.apr.19	3.maí.19	27.sep.19	175	147	Synjun staðfest
828	25.mar.19	16.sep.19	27.sep.19	186	11	Synjun staðfest
829	13.maí.19	13.maí.19	27.sep.19	137	137	Frávísun
830	20.jún.19	20.jún.19	27.sep.19	99	99	Frávísun
831	16.sep.19	16.sep.19	27.sep.19	11	11	Frávísun
832	16.ágú.18	23.okt.18	28.okt.19	438	370	Aðgangur að hluta
833	14.sep.18	19.des.18	28.okt.19	409	313	Heimvísun, frávísun
834	2.nóv.18	1.okt.19	28.okt.19	360	27	Synjun staðfest
835	2.feb.19	10.mar.19	28.okt.19	268	232	Aðgangur, heimvísun
836	18.feb.19	17.okt.19	28.okt.19	252	11	Aðgangur
837	6.mar.19	11.apr.19	28.okt.19	236	200	Aðgangur
838	7.mar.19	25.okt.19	28.okt.19	235	3	Frávísun
839	10.maí.19	14.jún.19	28.okt.19	171	136	Frávísun

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðustu gögnum	Niðurstaða
840	5.jún.19	11.sep.19	28.okt.19	145	47	Aðgangur að hluta
841	9.ágú.19	13.sep.19	28.okt.19	80	45	Frávísun
842	24.okt.19	24.okt.19	28.okt.19	4	4	Frávísun
843	5.sep.18	24.okt.19	15.nóv.19	436	22	Frávísun
844	30.ágú.18	25.okt.19	15.nóv.19	442	21	Aðgangur að hluta, frávísun
845	19.okt.18	12.nóv.19	15.nóv.19	392	3	Aðgangur, heimvísun, frávísun
846	29.jan.19	22.feb.19	15.nóv.19	290	266	Aðgangur að hluta
847	18.feb.19	25.júl.19	15.nóv.19	270	113	Aðgangur
848	28.feb.19	19.ágú.19	15.nóv.19	260	88	Aðgangur
849	4.apr.19	15.maí.19	15.nóv.19	225	184	Synjun staðfest
850	2.maí.19	6.sep.19	15.nóv.19	197	70	Synjun staðfest
851	2.apr.19	29.apr.19	4.des.19	246	219	Heimvísun, frávísun
852	1.jan.19	7.nóv.19	4.des.19	337	27	Aðgangur að hluta
853	21.mar.19	3.des.19	4.des.19	258	1	Aðgangur að hluta
854	4.apr.19	29.apr.19	4.des.19	244	219	Heimvísun
855	13.júl.19	24.ágú.19	4.des.19	144	102	Frávísun
856	28.nóv.19	4.des.19	4.des.19	6	0	Synjun staðfest
857	18.jún.18	22.nóv.19	13.des.19	543	21	Aðgangur, heimvísun, frávísun
858	12.apr.19	24.maí.19	13.des.19	245	203	Synjun staðfest, frávísun
859	12.ágú.19	9.sep.19	13.des.19	123	95	Heimvísun
860	13.maí.19	9.sep.19	13.des.19	214	95	Synjun staðfest
861	13.ágú.19	6.sep.19	13.des.19	122	98	Frávísun

Skipan og starfsaðstæður úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Hinn 19. nóvember 2019 skipaði forsætisráðherra nýja nefndarmenn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál í samræmi við 1. mgr. 21. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012. Þá lét Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, af störfum fyrir nefndina en hann hafði starfað við nefndina frá 1. janúar 2005.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál skipa nú Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Sigríður Árnadóttir, aðstoðarsaksóknari hjá héraðssaksóknara og fyrrverandi fréttamaður. Hafsteinn Þór er formaður nefndarinnar en hann hefur gegnt formennsku frá 1. apríl 2013. Kjartan Bjarni er varaformaður nefndarinnar. Elín Ósk Helgadóttir lögfræðingur, Sigurveig Jónsdóttir, fyrrverandi fréttamaður, og Símon Sigvaldason, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, eru varamenn. Skipunartími nefndarinnar er til 19. nóvember 2023.

Ráðið var í stöðu ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál í fullu starfshlutfalli frá og með 1. september 2019 en áður hafði starfsmaður forsætisráðuneytis gegnt því starfi í hluta-starfi. Áfram er stefnt að því að tryggja starfsaðstæður nefndarinnar og stuðla með því að skjótum úrlausnartíma umkvörtunarmála fyrir nefndinni.

Lög nr. 72/2019, um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012 (útvíkkun gildissviðs o.fl.).

Upplýsingalögum, nr. 140/2012, var breytt með lögum nr. 72/2019. Breytingalögin tóku gildi 5. júlí 2019 að undanskilinni 9. gr. þeirra sem tekur gildi 1. janúar 2021. Helstu breytingar á upplýsingalögunum voru í fyrsta lagi að vikka út gildissvið upplýsingalaga þannig að lögin næðu einnig til stjórnýslu Alþingis og til dómstóla og dómstólasýslunnar, sbr. 2. gr. laganna. Hvað löggjafarvaldið snertir er gildissvið upplýsingalaga afmarkað við Alþingi sjálft og skal sú starfsemi sem þar fellur undir nánar afmörkuð í lögum um þingsköp Alþingis og reglum forsætisnefndar sem settar eru á grundvelli þeirra. Þá er áfram gert ráð fyrir að sérákvæði laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, og laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, gildi um rétt almennings til aðgangs að gögnum í þeirra vörslu. Auk þess taka upplýsingalög ekki til gagna í vörslu rannsóknarnefnda sem settar eru á fót samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir, nr. 68/2011. Hvað varðar dómssvaldið er tekið fram í 2. gr. upplýsingalaga að þau gildi ekki um gögn í vörslu dómstóla og dómstólasýslunnar um meðferð einstakra dómsmála og endurrit úr dómabók, gerðabók og þingbók.

Meginmarkmið framangreindra breytinga á gildissviði upplýsingalaga var að gera almenningi kleift að byggja rétt sinn til aðgangs að gögnum í vörslu þessara handhafa ríkisvalds um framkvæmd stjórnýsluþátta starfsemi þeirra á skýrum og fyrirsjáanlegum efnisreglum II. og III. kafla upplýsingalaga og um málsmeðferð gagnabeiðna færi eftir ákvæðum IV. kafla laganna. Ákvæði V.–VII. kafla upplýsingalaga um kærurétt til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. V. kafla, skráningu mála, sbr. VI. kafla, og sérákvæði um aðgang að upplýsingum, sbr. VII kafla, gilda þó ekki um framangreinda aðila. Af því leiðir að ákvarðanir Alþingis, dómstóla og dómstólasýslunnar um aðgang að gögnum eru ekki kærnanlegar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. úrskurðir nefndarinnar nr. 820/2019 og 821/2019.¹

Með lögum nr. 72/2019 var hert á málsmeðferðartíma beiðna um aðgang að gögnum. Er nú kveðið á um hámarksafgreiðslutíma beiðna hjá þeim sem falla undir upplýsingalög og hámarksafgreiðslutíma kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sbr. ákvæði 3. mgr. 17. gr. og 23. gr. upplýsingalaga.

¹ Í úrskurði nefndarinnar nr. 820/2019 sem kveðinn var upp þann 10. september 2019 vísaði úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá kærumáli vegna synjunar Alþingis á beiðni kæranda um aðgang að ljósriti af aksturðagsbók alþingismanna frá og með árinu 2013 til og með ársins 2018.

Í úrskurði nefndarinnar nr. 821/2019, sem kveðinn var upp sama dag, var kærur vegna afgreiðslu dómstólasýslunnar á beiðni kæranda um upplýsingar um kostnað við setu- og varadómara svo og sérfróða meðdómendur, vísað frá nefndinni.

Hvað varðar afgreiðslu beiðna um aðgang að upplýsingum er nú kveðið á um það í 3. mgr. 17. gr. upplýsingalaga að hafi beiðni um aðgang að gögnum ekki verið afgreidd innan 30 virkra daga frá móttöku hennar sé beiðanda heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurði um rétt hans til aðgangs. Á árinu 2019 barst ein kæra á grundvelli ákvæðisins.

Með ákvæði 23. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 15. gr. laga nr. 72/2019, var hert á málsmeðferðartíma kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Í ákvæðinu er kveðið á um að úrskurðarnefnd um upplýsingamál skuli birta úrskurð þeim sem fór fram á aðgang að gögnum og þeim sem kæra beindist að svo fljótt sem verða má en að jafnaði innan 150 daga frá móttöku hennar. Í skýringum við greinina í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að með orðalaginu „að jafnaði“ sé tekið tillit til þess að í undantekningartilfellum teufist málsmeðferð nefndarinnar af ástæðum sem telja verði réttlætunarlegar eða aðstæður með þeim hætti að nefndinni eða starfsaðstæðum hennar verði ekki um kennt.

Undanfarin ár hefur meðalmálsferðartími nefndarinnar í málum sem lýkur með úrskurði verið yfir þeim hámarkstíma sem lagður er til í frumvarpinu, eða 182 dagar árið 2014, 296 dagar árið 2015, 391 dagur árið 2016, 210 dagar árið 2017, 212 dagar árið 2018 og 222 dagar árið 2019. Í lok árs 2019 var 12 málum eldri en 150 daga gömlum ólokið en þegar þessi skýrsla er tekin saman er hins vegar 3 málum eldri en 150 daga ólokið. Með styrkingu á starfsaðstöðu nefndarinnar er stefnt að því að nefndin ljúki kærumálum alfarið innan 150 daga frá því að kæra berst. Af hálfu forsætisráðuneytisins hefur hins vegar komið fram að æskilegur meðalmálsmeðferðartími sé 90 dagar og verður enn unnið að styrkingu nefndarstarfsins í samræmi við það markmið.

Með breytingalögum nr. 72/2019 var einnig sett nýtt ákvæði um frumkvæðisbirtingu ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands úr málaskráum sínum með rafrænum hætti. Ákvæðið tekur þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2021. Í ákvæðinu, sem kemur í stað 3. málsl 2. mgr. 13. gr. upplýsingalaga, segir að ráðuneyti skuli að lágmarki birta skrá yfir mál sem eru þar til meðferðar í tilefni af innsendu eða útsendu erindi þar sem tilgreint er málsnúmer og heiti máls. Upplýsingarnar ber að birta eigi síðar en í næsta mánuði eftir að mál er stofnað. Þá er heimilt að birta lista yfir málgögn og gera gögnin sjálf aðgengileg með rafrænum hætti. Í öllum tilvikum skal þess gætt að birting gangi ekki gegn einka- eða almannahagsmunum.

Með lögum nr. 72/2019 var loks sett á fót staða ráðgjafa um upplýsingarétt almennings sem fjallað verður um í næsta kafla.

Starf ráðgjafa um upplýsingarétt almennings.

Með lögum nr. 72/2019 var nýrri 13. gr. a bætt við upplýsingalög. Í ákvæðinu er nýtt hlutverk ráðgjafa um upplýsingarétt almennings afmarkað þannig að hann skuli stuðla að bættri upplýsingagjöf hins opinbera. Hlutverkið skuli hann meðal annars rækja með því að:

1. leiðbeina einstaklingum, félagasamtökum, fjölmiðlum, lögaðilum og öðrum sem til hans leita um framsetningu beiðni um aðgang að gögnum, hvert henni skal beint og önnur atriði, sbr. IV. kafla laganna,
2. vera stjórnvöldum og öðrum aðilum skv. I. kafla til ráðgjafar um meðferð beiðni um aðgang að gögnum og töku ákvörðunar um rétt beiðanda til aðgangs,
3. fylgjast með því hvernig opinberir aðilar rækja skyldur sínar til að veita almenningsi aðgang að upplýsingum, hvort sem er samkvæmt beiðnum eða að eigin frumkvæði, sbr. 13. gr. laganna, og koma tillögum að úrbótum á framfæri þar sem við á,
4. fylgjast með rannsóknum og þróun á sviði upplýsingaréttar almennings og koma upplýsingum á framfæri við stjórnvöld.

Forsætisráðuneytið sér ráðgjafanum fyrir starfsaðstöðu en mælt er fyrir um að hann skuli vera óháður fyrirmælum og ráðgjöf frá ráðherra í ráðgjöf sinni. Ráðgjafinn getur kallað eftir gögnum í trúnaði sem hann telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu en hann er bundinn þagnarskyldu um þau og önnur atriði sem hann verður áskynja um og leynt eiga að fara.

Ráðgjafi stjórnvalda um upplýsingarétt almennings tók til starfa 1. september 2019. Frá því tímamarki til ársloka voru stofnuð 25 mál í málaskrá ráðgjafans. Þar af voru 13 mál stofnuð vegna þess að opinber aðili leitaði til ráðgjafans í tilefni af gagnabeiðni en 11 vegna aðstoðar við einstaklinga, lögaðila eða félagasamtaka í tengslum við beiðni þeirra um aðgang að gögnum. Eitt mál var skráð vegna beiðni um álit á frumvarpi sem var til meðferðar á Alþingi en viðkomandi var tilkynnt um að verkefnið félli utan verkefna ráðgjafans.

Kærumál fjölmiðla hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Líkt og gert var í ársskýrslu forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga árið 2018 verða reifaðir stuttlega nokkrir úrskurðir úrskurðarnefndar um upplýsingamál á árinu 2019 er lúta að rétti fjölmiðla til aðgangs að upplýsingum. Fjölmiðlar stuðla að opinni og upplýstri umræðu í lýðræðissamfélagi með upplýsingagjöf til almennings og er í samræmi við það tekið sérstaklega fram ákvæði 1. gr. upplýsingalaga að markmið laganna sé að tryggja gegnsæi í stjórnýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. í þeim tilgangi að styrkja það aðhald sem almenningur og fjölmiðlar veita stjórnvöldum og auka möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni, sbr. 3. og 4. tölul. 1. gr. laganna.

Kærumálum vegna ákvarðana stjórnvalda um beiðnir fjölmiðla um aðgang að gögnum fjölgaði ekki á milli árunna 2018 og 2019 en þeim fjölgaði nokkuð á milli árunna 2016 og 2018. Ástæða þess getur meðal annars verið bætt upplýsingagjöf þeirra aðila sem falla undir upplýsingalög eða langur málsmeðferðartími hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Með því að bæta starfsaðstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál er stefnt að því að fjölmiðlar og almenningur fái skjótari úrlausn nefndarinnar um rétt til aðgangs að gögnum. Hér á eftir eru reifaðir nokkrir úrskurðir nefndarinnar sem voru kveðnir upp á árinu 2019 er lútu að kærumálum frá fjölmiðlum.

Í úrskurði nr. 792/2019 var fjallað um kæru blaðamanns vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um að synja beiðni hans um aðgang að gögnum sem vörðuðu rannsókn bankans á meintum brotum útgerðarfélagsins Samherja hf. á lögum um gjaldeyrismál. Úrskurðarnefndin fór yfir umbeðin gögn og taldi hafið yfir vafa að þau hefðu að geyma upplýsingar um hagi viðskiptamanna bankans og væru þar með undirorpin sérstakri þagnarskyldu, á grundvelli ákvæðis 1. mgr. 35. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, sem gengi framár rétti almennings til aðgangs að upplýsingum samkvæmt upplýsingalögum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna. Úrskurðarnefndin staðfesti því ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Í úrskurði nr. 810/2019 var deilt um ákvörðun Seðlabanka Íslands um að synja beiðni blaðamanns um aðgang að samningi bankans við starfsmann um námsleyfi og styrk til náms. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst ekki á það með Seðlabanka Íslands að upplýsingarnar yrðu felldar undir þagnarskylduákvæði 35. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001. Þá féllst nefndin ekki á að upplýsingarnar vörðuðu starfssamband bankans og fyrrum starfsmanns bankans, sbr. 7. gr. upplýsingalaga. Loks var ekki fallist á að upplýsingarnar vörðuðu einka- og fjárhagsmálefni einstaklings sem eðlilegt og sanngjarnt væri að leynt færu, sbr. 9. gr. upplýsingalaga. Var því lagt fyrir Seðlabanka Íslands að veita kæranda aðgang að samningnum.

Í máli sem lauk með úrskurði nr. 828/2019 var deilt um rétt blaðamanns til aðgangs að sérfræðiálitum sem veitt voru í tengslum við málarekstur ríkisins fyrir Mannréttindadómstól

Evrópu. Úrskurðarnefndin féllst á það með embætti ríkislögmans að því væri heimilt að takmarka rétt kæranda til aðgangs að gögnum með vísan til 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga en samkvæmt ákvæðinu nær réttur almennings til aðgangs að gögnum ekki til bréfaskipta við sérfróða aðila í tengslum við réttarágreiningu eða til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað. Taldi nefndin embætti ríkislögmans vera sérfróðan aðila í skilningi ákvæðisins auk þess sem gögn sem stöfuðu frá öðrum sérfróðum aðilum yrðu felld undir ákvæðið. Var því ákvörðun embættisins staðfest.

Í úrskurði nr. 840/2019 var deilt um ákvörðun Vinnumálastofnunar um að synja beiðni blaðamanns um aðgang að gögnum með upplýsingum um hvaða fyrirtæki hefðu gripið til hópuppsagna í maí 2019. Synjun Vinnumálastofnunar var byggð á því að óheimilt væri að veita kæranda aðgang að upplýsingunum vegna 9. gr. upplýsingalaga. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál óskaði eftir afstöðu tveggja fyrirtækja sem höfðu tilkynnt hópuppsögn til Vinnumálastofnunar. Annað þeirra veitti samþykki fyrir því að kærandi fengi aðgang að upplýsingunum og var synjun Vinnumálastofnunar um aðgang að tilkynningu þess fyrirtækis felld úr gildi. Nefndin staðfesti ákvörðun stofnunarinnar um að synja beiðni kæranda um aðgang að tilkynningu þess fyrirtækis sem ekki veitti samþykki sitt fyrir afhendingu upplýsinganna þar sem nefndin taldi tilkynninguna fela í sér viðkvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu þess fyrirtækis sem óheimilt væri að veita aðgang að á grundvelli 9. gr. upplýsingalaga.

Í máli sem lauk með úrskurði nr. 847/2019 var leyst úr kærumáli vegna ákvörðunar heilbrigðisráðuneytisins um að synja beiðni blaðamanns um gögn um samningaviðræður ráðuneytisins við Rauða krossinn á Íslandi um yfirtöku reksturs sjúkrabifreiða. Beiðninni var synjað á grundvelli þess að um vinnugögn væri að ræða, sbr. 8. gr. upplýsingalaga, og að samningsumleitanir aðila væru enn yfirstandandi. Úrskurðarnefndin féllst ekki á að um vinnugögn væri að ræða enda höfðu gögnin þegar verið send utanaðkomandi aðila. Þá taldi nefndin að önnur undanþáguákvæði upplýsingalaga ættu ekki við um gögnin. Var heilbrigðisráðuneytinu gert að afhenda kæranda gögnin.

Úrskurður nr. 856/2019 fjallaði um rétt blaðamanns til aðgangs að lista yfir umsækjendur um stöðu útvarpsstjóra. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál vísaði til þess að skv. 1. mgr. 7. gr. upplýsingalaga næði réttur almennings almennt ekki til gagna í málum sem vörðuðu umsóknir um starf hjá aðilum sem heyrdur undir upplýsingalög. Frá því væri undantekningin sú þegar sótt er um opinber störf því að þá væri skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf þegar umsóknarfrestur er liðinn, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga. Úrskurðarnefndin taldi hugtakið *opinbera starfsmenn* aðeins taka til starfsmanna stjórnvalda. Því gæti ákvæði 2. mgr. 7. gr. ekki átt við um starfsmenn Ríkisútvarpsins sem er hlutafélag í opinberri eigu. Var það því niðurstaða nefndarinnar að félaginu hefði verið heimilt að synja beiðni kæranda um nöfn umsækjenda.